

Leiklist 4. bekkur

Kennarar: Gunnhildur Halla Carr; Helga Sólveig Aðalsteinsdóttir; María Gísladóttir; Marta Emilía Valgeirsdóttir; Marta Hrafnadóttir; Söldís Birta Reynisdóttir; Svava María Þórðardóttir; Una Kristín Jónsdóttir

4

Lýsing

Leiklist er innan námssviðs list- og verkgreina í aðalnámskrá. Þrátt fyrir mismunandi inntak, aðferðir og áherslur list- og verkgreina er einnig margt sem tengir þær saman. Leiklist er í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hæfniviðmiðum fyrir leiklist er skipt í þrjá flokka: Sköpun, Tulkun og Samvinnu og samskipti. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum. Leiklist í 4. bekk byggir á æfingum og sýningum á Helgileiki.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir leiklist/Helgileik 4. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Helgileikur: Kennslulota frá nóvember til jólaeyfis - kennslustundir á viku: 2 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í leiklist taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá *hæfniviðmið* árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í leiklist 4. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- Leikarar: læra texta, æfa framburð og sviðsframkomu
- Söngur: æfa lögin í Helgileiknum, samhæfing
- Búningar og fördun: læra um búninga sína og fördun
- Leikmynd, svið og leikmunir: læra um umgjörð Helgileiksins

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í leiklist 4. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga til að styrkja leiklist, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun, leikræna tjáningu og samskiptaleiki.

Sköpunargleði er eitt af gildum Melaskóla. Allir nemendur búa yfir sköpunarhæfileikum sem nauðsynlegt er að efla og þroska með þeim. Helgileikur Melaskóla er dæmi um samvinnuverkefni sem eykur sköpunargleði nemenda og styrkir einnig önnur gildi skólans: Vellíðan - Samvinnu - Metnað. Leikritið er einnig vel til þess fallið að efla samkennd, jafnrétti, lýðræði og skólabraginn.

Helgileikur 4. bekkja er *samvinnuverkefni* allra nemenda í árganginum. Undirbúningur og æfingar fara fram á haustönn. Afraksturinn, þ.e. sjálf sýningin, er í desember áður en skólinn fer í jólaeyfi.

Fljótlega í nóvember fer af stað undirbúningur á Helgileiknum. Kennarar raða nemendum í tiltekin hlutverk í samráði við þá.

Áherslur Melaskóla í list- og verkgreinum við lok 4. bekkjar eru að nemandi geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- gengið frá eftir vinnu sína
- unnið einföld verkefni í hópi
- lagt mat á eigin verk

Áherslur Melaskóla í leiklist eru að nemendur:

- afli sér upplýsinga, þekkingar um viðfangsefnið og vinni úr hugmyndum sínum
- sýni afrakstur hugmyndavinnu sinnar í framkvæmd (verkleg vinna)
- ræði saman, meti og ígrundi vinnu sína og vinnubrögð (sbr. lokaafurð)
- setji vinnu sína í sögulegt og menningarlegt samhengi

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í leiklist 4. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati.

Matsviðmið í leiklist taka mið af listgreinum í heild. Helgileikurinn er *matsverkefni* og fá nemendur endurgjöf í tímum en matsniðurstöður eftir að leiðsagnarlotunni lýkur, þ.e. að leiksýningum loknum. Námsmatið er birt í janúar og í vitnisburði í júní við lok 4. bekkjar. Um hæfni- og lokamat er að ræða. Námsmatið birtist foreldrum í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í leiklist 4. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyimum að þessum markmiðum.

2025_Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk - Sköpun

- Skilur hvað handrit eða stutt leikverk er þar sem grunnreglum í uppsetningu er beitt,
- Notar einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Bendir á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi.
- Getur sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.

2025_Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk - Túlkun

- Setur sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekur þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Lærir stuttan texta og flytur hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.

2025_Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk - Samskipti og samvinna

- Sýnir viðeigandi hegðun sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum.
- Tekur virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnir skólasystkinum tillitssemi.

NÁMSEFNI/GÖGN



Helgileikur

Jólaleikrit sett á svið í Neskirkju



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara